

100. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn miðvikudaginn 7. desember 2022, kl. 12:00, að Hlíðasmára 10.

Mætt voru: Kristín Amý Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson og Friðrik Ómarsson. Einnig sat Björn Jónsson framkvæmdastjóri fundinn.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 12:05 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 99. stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt af fundarmönnum.

3. Hlíðasmári 10, innréttingar og húsbúnaður

Markaðsstofan og Skóp fluttu úr Engihjalla 8 að Hlíðasmára 10 þann 1. desember. Framkvæmdastjóri upplýsti að starfsemi Skóp hafi farið vel af stað í nýju húsnæði og þátttakendur séu ánægðir með stærri og mun betri aðstöðu. Öll grunn aðstaða sé til staðar en enn þá vanti nokkuð af húsgögnum, léttum veggjum og búnaði. Skrifborð í opið rými voru sér smíðuð til að ná því markmiði að koma 12 vinnustöðvum fyrir í rýminu (minni borð). Borðin voru keypt af Á. Guðmundssyni á sérstöku tilboðsverði. Hann upplýsti að Verkfræðistofan Mannvit hafi lagði fram styrk í formi húsbúnaðar og að einnig hafi notuð húsgögn verið keypt á góðu verði. Unnið verður að því að bæta aðstöðuna í desembermánuði. Stefnt verður að því að kynna starfsemi Skóp með opnu húsi og markaðssetningu á samfélagsmiðlum í byrjun janúarmánaðar þar sem áhersla verður lögð á góða aðstöðu og samfélag frumkvöðla.

4. Rekstraráætlun 2023

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að rekstraráætlun fyrir næsta ár. Forsendur áætlunarinnar er m.a. að fjárframlag Kópavogsbæjar til Markaðsstofunnar og viðbótarframlag til Skóp verði óbreytt milli ára. Í áætluninni er gert ráð fyrir að þáttökugjöld og leigutekjur muni standa undir aðstöðukostnaði á síðari hluta ársins, en stefnt verður að ná þeim punkti mun fyrr. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að heildar tekjur verði 32.480.000,- kr. og að afkoma ársins verði jákvæð sem nemur 825.000,- kr. Umræður urðu um áætlunina og ýmsa liði hennar. Ákveðið var að fresta afgreiðslu rekstraráætlunar til næsta fundar þegar fyrir liggur hvert heildarframlag Kópavogsbæjar verður.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri upplýsti að hann hafi verið boðaður á fund Bæjarráðs Kópavogs að morgni 8. desember til að kynna starfsemi Markaðsstofunnar.

Framkvæmdastjóri upplýsti að stjórnarmaður Eysteinn Þorri Björgvinsson hafi sagt sig frá stjórnarsetu vegna anna í starfi og námi. Fyrsti varamaður Kópavogsbæjar, Hrefna Hilmisdóttir mælist undan því að vera boðuð á fundi og annar varamaður Kópavogsbæjar kemst ekki á fundi vegna vinnu. Ákveðið var að boða varamann atvinnulífsins Sigurð Sigurbjörnsson á stjórnarfundum á meðan Eysteinn og varmenn hans sjá sér ekki fært að mæta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15.